

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2007/EES/24/01		EMAS – Umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins – Skrá sem sýnir skráð athafnasvæði í Noregi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001	1
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2007/EES/24/02		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 394/06/COL frá 13. desember 2006 um samþykkt endurnýjaðrar áætlunar norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra.	3
2007/EES/24/03		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 28/07/COL frá 19. febrúar 2007 um opinbera viðurkenningu á því að Noregur sé laus við berkla, ölduveiki og smitandi nautgripahvítblæði að því er varðar nautgripahjarðir.	5
2007/EES/24/04		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 29/07/COL frá 19. febrúar 2007 um samþykkt áætlunar norskra stjórnvalda um forvarnabólusetningu fugla í dýragörðum gegn bráðsmitandi fuglainflúensu	7
2007/EES/24/05		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 30/07/COL frá 19. febrúar 2007 um landsáætlun Norðmanna um eftirlit með riðuveiki og viðbótarábyrgðir að því er varðar viðskipti milli bandalagslandanna og innflutning til Noregs.	9
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	III	EB-STOFNANIR	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
2007/EES/24/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4525 – Kronospan/Constantia)	11

2007/EES/24/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4599 – RWE Power/Carbon/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	12
2007/EES/24/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4674 – KKR/Stefano Pessina/Alliance Boots) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	13
2007/EES/24/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4675 – Iberdrola/api/SER JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	14
2007/EES/24/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4689 – WINGAS/HydroWingas) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	15
2007/EES/24/11	Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Breytt ákvæði um almannaþjónustukvaðir í áætlunarflugi á tilteknum leiðum í Portúgal	16
2007/EES/24/12	F-Grenoble: Flugrekstur – áætlunarflug – Auglýsing stjórnvalda í Frakklandi um útboð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 með yfirtöku almannaþjónustu fyrir augum í tengslum við áætlunarflug milli Grenoble (Saint-Geoirs) og Parísar (Orly) á grundvelli d-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92	17
2007/EES/24/13	Ríkisaðstoð – Spánn – Málsnúmer C 9/07 (áður N 608/06) – Hár styrkur vegna rannsókna og þróunarstarfs í fyrirtækinu ITP – Verkefnið Trent 1000 – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	18
2007/EES/24/14	Ríkisaðstoð – Belgía – Málsnúmer C 15/02 – Skattareglur fyrir svonefndar samhæfingarmiðstöðvar – Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans	18
2007/EES/24/15	MEDIA 2007 – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/14/07 – Ráðstafanir til að styðja kynningu og markaðssetningu	19
2007/EES/24/16	MEDIA 2007 – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/15/07 – Ráðstafanir til stuðnings kynningarstarfi í löndum sem eiga ekki aðild að MEDIA-áætluninni	20
2007/EES/24/17	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um formlega viðurkenningu þess að tiltekin bandalagsgerð á sviði umhverfismála sé úrelt	21

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

EMAS

2007/EES/24/01

Umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins

Skrá sem sýnir skráð athafnasvæði í Noregi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001

2007-01-17

Skráningarnúmer	Heiti og heimilisfang fyrirtækis	Sími Bréfasími Netfang	Tengiliður	Atvinnugrein
NO-000005	Kraft Foods Norge AS , avd Disenå N-2114 Disenå	+47/62 96 82 00 +47/62 96 82 85 hbreisjoeberg@krafteuropa.com	Hanne Kari Breisjøberg	15.31
NO-000015	Rescon Mapei AS Vallsetveien 6 N-2120 Sagstua	+47/62 97 20 00 +47/62 97 20 99 alan.ulstad@resconmapei.no	Alan K. Ulstad	24.66
NO-000016	Håg AS Sundveien N-7460 Røros	+47/72 40 72 00 +47/72 40 72 72 torbjorn.iversen@hag.no	Torbjørn Iversen	36.11
NO-000017	Gyproc AS Habornv 59 N-1631 Gamle Fredrikstad	+47/69 35 75 00 +47/69 35 75 01 gyprocno@gyproc.com	Jon Gjerløw	26.62
NO-000034	Savo AS Fyrstikkbakken 7 N-0667 Oslo	+47/22 91 67 00 +47/22 63 12 09 bm@savo.no	Birgit Madsen	36.11
NO-000044	Hydro Aluminium Profiler AS , Magnor Gautstadveien N-2240 Magnor	+47/62 83 34 15 +47/62 83 33 00 oyvind.aasen@hydro.com	Øyvind Aasen	27.422
NO-000059	Ørsta Gruppen AS N-6151 Ørsta	+47/70 04 70 00 +47/70 04 70 04 firmapost@orstastaal.no	Rolf O. Hjelle	28.1
NO-000063	Pyrox AS N-5685 Uggdal	+47/53 43 04 00 +47/53 43 04 04	Eirik Helgesen	29.2
NO-000071	Forestia AS Avd Kvam N-2650 Kvam	+47/62 42 82 00 +47/61 29 25 30 kvam@forestia.com	Harvey Rønningen	20.200
NO-000083	Total E & P Norge AS Finnestadveien 44 N-4029 Stavanger	+47/51 50 39 18 +47/51 50 31 40 firmapost@ep.total.no	Ulf Einar Moltu	11.100
NO-000085	Kähns Brumunddal AS Nygata 4 N-2380 Brumunddal	+47/62 36 23 00 +47/62 36 23 01 knut.midtbruket@kahns.com	Knut Midtbruket	20.200
NO-000086	Grøset Trykk AS N-2260 Kirkenær	+47/62 94 65 00 +47/62 99 65 01 firmapost@groset.no	Mari L Breen	22.22
NO-000090	AS Oppland Metall Mattisrudsvingen 2 N-2827 Hunndalen	+47/61 18 76 70 +47/61 17 04 71 firmapost@opplandmetall.no	Trude Øvstetun	37.00, 60.2

Skráningarnúmer	Heiti og heimilisfang fyrirtækis	Sími Bréfasími Netfang	Tengiliður	Atvinnugrein
NO-000092	Forestia AS Braskereidfoss N-2435 Braskereidfoss	+47/62 42 82 00 +47/62 42 82 78 braskeriedfoss@forestia.com	Per Olav Løken	20.200
NO-000095	Grip Senter Storgata 23 C N-0184 Oslo	+47/22 97 98 00 +47/22 42 75 10 eva-britt.isager@grip.no	Eva Britt Isager	74.2
NO-000096	Gjøvik Land og Toten Interkommunale Avfallsselskap DA Dalborgmarka 100 N-2827 Hunndalen	+47/61 14 55 80 +47/61 13 22 45 post@gt-avfall.no	Bjørn E. Berg	90
NO-000097	Hydro Polymers AS Rafnes N-3966 Stathelle	+47/35 00 60 94 +47/35 00 62 98 nils.eirik.stamland@hydro.com	Nils Eirik Stamland	24.140
NO-000098	Norsk Metallfragmentering AS Mattisrudsvingen 2 2827 Hunndalen	+47/48 07 23 86 +47/61 17 04 71 firmapost@opplandmetall.no	Trude Øvstetun	37.1
NO-000099	Elektrogjenvinning Møre AS 6170 Vartdal	+47/48 07 23 86 +47/61 17 04 71 elektrogj.more@adsl.no	Trude Øvstetun	37.1
NO-000100	Elektrogjenvinning Norge AS Mattisrudsvingen 2 2827 Hunndalen	+47/48 07 23 86 +47/61 17 04 71 firmapost@elektrogjenvinning.no	Trude Øvstetun	37.1
NO-000101	Elektrogjenvinning Nord-Norge AS Skaudalsveien 6 9409 Harstad	+47/48 07 23 86 +47/61 17 04 71 jon.skog@hrs.no	Trude Øvstetun	37.1
NO-000102	Elektrogjenvinning Romsdal AS Årøsætherveien 53 6422 Molde	+47/48 07 23 86 +47/61 17 04 71 ev-roms@online.no	Trude Øvstetun	37.1
NO-000103	Raufoss Metall AS Raufoss industripark, Bygning 365 2831 Raufoss	+47/48 07 23 86 +47/61 17 04 71 anders-frisinger@raufoss.com	Trude Øvstetun	27.5
NO-000104	Toten Metall AS Blili 2854 Eina	+47/48 07 23 86 +47/61 17 04 71 post@totenmetall.no	Trude Øvstetun	37.1
NO-000105	Oppland Metall Transport AS Mattisrudsvingen 2 2827 Hunndalen	+47/48 07 23 86 +47/61 17 04 71 tord.linnerud@opplandmetall.no	Trude Øvstetun	60.24
NO-000106	Norsk Industriolje AS Østerdalsgt 1 J 0602 Oslo	+47/22 66 04 00 +47/22 66 04 01 jostein.urnes@relekta.no	Jostein Urnes	51.510
NO-000107	Relekta Import AS Østerdalsgt 1 J 0602 Oslo	+47/22 66 04 00 +47/22 66 04 01 jostein.urnes@relekta.no	Jostein Urnes	51.820

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Þessi texti kemur í stað texta sem birtist í EES-viðbæti nr. 23 hinn 17.5.2007, bls. 3, og er hinn síðarnefndi ógildur.

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/24/02

nr. 394/06/COL

frá 13. desember 2006

um samþykkt endurnýjaðrar áætlunar norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (sem nefnist hér á eftir EES-samningurinn), einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 3.1.7 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

tilskipun ráðsins 93/53/EBE frá 24. júní 1993 um lágmarksráðstafanir bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum fisksjúkdómum, með áorðnum breytingum,

og með aðlögunarákvæðum samkvæmt bókun 1 við EES-samninginn, einkum fyrsta undirlið a-liðar 6. gr. gerðarinnar,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 196/04/COL frá 14. júlí 2004 um að veita stjórnarmanni, sem hefur sérstök ábyrgðarstörf með höndum á sviði frjálsra vöruflutninga, umboð til að taka tiltekna ákvarðanir og gera tiltekna ráðstafanir, einkum 1. lið,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til þess að ráða niðurlögum blóðþorra ber samkvæmt ákvæðum fyrsta undirliðar a-liðar 6. gr. gerðarinnar að fjarlægja allan fisk úr sýktri eldisstöð í samræmi við áætlun sem lögbært yfirvald hefur lagt fram og hlotið hefur samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA (sem nefnist hér á eftir „eftirlitsstofnunin“).

Í gerðinni, sem um getur í lið 3.2.29 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, *ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/466/EB frá 13. júní 2003 um viðmiðanir við afmörkun svæða og opinbert eftirlit ef upp kemur grunur um blóðþorra eða tilvist hans er staðfest*, er mælt fyrir um sýnatökuáætlanir og greiningaraðferðir sem nota ber til að greina og staðfesta blóðþorra, ásamt viðmiðum sem nota ber til að afmarka svæði og við opinbert eftirlit ef upp kemur grunur eða staðfest tilvik um blóðþorra.

Eftirlitsstofnunin samþykkti með ákvörðun sinni nr. 226/04/COL frá 9. september 2004 áætlun norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra.

Í bréfi dagsettu 21. mars 2006 óskuðu stjórnvöld í Noregi eftir samþykki eftirlitsstofnunarinnar við tilteknum breytingum á áætluninni um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra, sem eftirlitsstofnunin hafði samþykkt með ákvörðun nr. 226/04/COL frá 9. september 2004.

Eftirlitsstofnunin hefur tekið hinar fyrirhuguðu breytingar á áætlun Norðmanna til athugunar með hliðsjón af nýjustu vísindalegri og tæknilegri þekkingu, í nánu samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópu-bandalaganna.

Aðferðin, sem notuð er þegar fiskur er fjarlægður, skal miðast við að hindra útbreiðslu sjúkdómsins til annarra eldisstöðva og til villtra stofna sem hætt er við slíku smiti.

Ákvörðun um að fjarlægja fisk verður að byggjast á mati á því hversu mikil hættu er á frekari útbreiðslu sjúkdómsins í hverju einstöku tilviki, meðal annars hversu alvarlegt sjúkdómstilvikið er og öðrum aðstæðum sem hafa áhrif á hættuna, og taka verður tillit til nýjustu reynslu og vísindagagna.

Athugunin hefur leitt í ljós að hinar fyrirhuguðu breytingar á áætlun Norðmanna fullnægja kröfum um slíkar áætlanir og ber því að samþykkja þær.

Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu til dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, með ákvörðun nr. 314/06/COL.

Samkvæmt tillögu dýraheilbrigðisnefndar EFTA, sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis, og í því skyni að tryggja réttaröryggi ber að bæta við þessa ákvörðun nýjum lið þess efnis að ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 226/04/COL frá 9. september 2004 falli úr gildi.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Endurnýjuð áætlun norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra er samþykkt.
2. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 226/04/COL frá 9. september 2004 um samþykkt áætlunar norskra stjórnvalda um að fjarlægja allan fisk úr norskum eldisstöðvum sem hafa smitast af blóðþorra fellur úr gildi.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2006.
4. Ákvörðun þessari er beint til Noregs.
5. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 13. desember 2006.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Kristján Andri Stefánsson

Stjórnarmaður

Niels Fenger

Framkvæmdastjóri

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/24/03

nr. 28/07/COL

frá 19. febrúar 2007

um opinbera viðurkenningu á því að Noregur sé laus við berkla, ölduveiki og smitandi nautgripahvítblæði að því er varðar nautgripahjarðir

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (sem nefnist hér á eftir EES-samningurinn), einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 4.1.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

tilskipun ráðsins 64/432/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nautgripi og svin (¹).

með áorðnum breytingum, auk ákvæða til aðlögunar við EES-samninginn sem er að finna í bókun 1 við samninginn, einkum 4. lið I. hluta og 7. lið II. hluta í viðauka A og E-lið I. kafla í viðauka D við þá gerð,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 24/07/COL frá 14. febrúar 2007, en samkvæmt henni ber valdbærum stjórnarmanni eftirlitsstofnunarinnar að samþykka ákvörðunina um opinbera viðurkenningu á því að Noregur sé laus við berkla, ölduveiki og smitandi nautgripahvítblæði að því er varðar nautgripahjarðir ef fyrirbyggjandi drög eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í tilskipun ráðsins 64/432/EBE er kveðið á um að lýsa megi EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, eða einstök svæði eða héruð innan þeirra, opinberlega laus við berkla, öldusótt og smitandi nautgripahvítblæði að því er varðar nautgripahjarðir, með fyrirvara um að fullnægt sé tilteknum skilyrðum sem sett eru í þeirri gerð.

Stjórnvöld í Noregi sendu eftirlitsstofnunni í bréfi dagsettu 29. júní 2004 skjöl sem varða smitandi nautgripahvítblæði í samræmi við E-lið I. kafla í viðauka D við tilskipun ráðsins 64/432/EBE og 8. gr. þeirrar gerðar.

Stjórnvöld í Noregi sendu eftirlitsstofnuninni í bréfum dagsettum 14. febrúar 2005, 13. desember 2005 og 26. október 2006 uppfærðar upplýsingar um smitandi nautgripahvítblæði að beiðni stofnunarinnar í kjölfar viðræðna við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið öll skjöl, sem norsk stjórnvöld hafa lagt fram, til athugunar í nánu samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, og sú athugun hefur leitt í ljós að áætlunin, sem stjórnvöld í Noregi hafa lagt fram að því er varðar smitandi nautgripahvítblæði, fullnægir öllum viðeigandi skilyrðum sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 64/432/EBE.

Af þessum sökum er rétt að lýsa Noreg opinberlega lausan við smitandi nautgripahvítblæði.

Noregur var lýstur laus við öldusótt og berkla í nautgripum með ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 66/94/COL og 67/94/COL frá 27. júní 1994, með fyrirvara um að tilteknum skilyrðum væri fullnægt.

Í stað ákvarðana nr. 66/94/COL og 67/94/COL hafa komið ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA annars vegar nr. 227/96/COL og hins vegar nr. 225/96/COL frá 4. desember 1996.

(¹) Stjóð. EB L121, 29.7.1964, bls. 1977

Fyrir skýrleika sakir er rétt að greina frá stöðu nautgripahjarða í Noregi að því er varðar sjúkdómana berkla, öldusótt og smitandi nautgripahvítblæði í einni og sömu ákvörðun.

Af þeim sökum er rétt að láta þessa ákvörðun koma í stað ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 225/96/COL og 227/96/COL.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Í samræmi við tilskipun ráðsins 64/432/EBE er Noregur lýstur opinberlega laus við berkla, ölduveiki og smitandi nautgripahvítblæði að því er varðar nautgripahjarðir.
2. Ákvörðun þessari er beint til Noregs.
3. Samkvæmt 2. mgr. 109. gr. EES-samningsins ber Eftirlitsstofnun EFTA að senda framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna þessa ákvörðun og allar breytingar á henni.
4. Þessi ákvörðun kemur í stað ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 227/96/COL og 225/96/COL frá 4. október 1996.
5. Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. febrúar 2007.
6. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2007.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bjørn T. Grydeland

Forseti

Niels Fenger

Framkvæmdastjóri

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/24/04

nr. 29/07/COL

frá 19. febrúar 2007

um samþykkt áætlunar norskra stjórnvalda um forvarnabólusetningu fugla í dýragörðum gegn bráðsmitandi fuglainflúensu

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 3.1.5a í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE ⁽¹⁾,

með ákvæðum til aðlögunar við EES-samninginn sem er að finna í bókun 1 við samninginn, einkum 2. mgr. 56. gr. og 2. mgr. 57. gr.,

með hliðsjón af gerðinni sem gildir að því er varðar Noreg samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í b-lið 3. mgr. í inngangsorðum I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/474/EB frá 6. júlí 2006 um ráðstafanir til að koma í veg fyrir útbreiðslu bráðsmitandi fuglainflúensu sem stafar af inflúensuveiru A af undirgerð H5N1 til fugla sem haldnir eru í dýragörðum og hjá viðurkenndum aðilum, stofnunum og miðstöðvum í aðildarríkjunum og um niðurfellingu ákvörðunar 2005/744/EB ⁽²⁾,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 22/07/COL frá 14. febrúar 2007, en samkvæmt henni ber valdbærum stjórnarmanni eftirlitsstofnunarinnar að samþykka ákvörðunina ef fyrirleggjandi drög eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Fuglainflúensa er smitandi veirusjúkdómur í alifuglum og öðrum fuglum sem veldur dauða og sjúk-dómseinkennum sem geta skjótt þróast í farsótt þannig að mikil hætta stafi af fyrir heilsu dýra og manna og dregið mjög úr hagkvæmni alifuglaræktar.

Þar eð fuglar í dýragörðum og hjá viðurkenndum aðilum, stofnunum eða miðstöðvum eru innilokaðir geta þeir að jafnaði ekki komist í snertingu við alifugla eða aðra búrfugla og af þeim sökum stafar ekki smíthætta af þeim fyrir alifugla eða aðra búrfugla og að teknu tilliti til verðmætis fugla í dýragörðum getur forvarnabólusetning slíkra fugla talist viðeigandi viðbótarforvarnaráðstöfun.

Í tilskipun ráðsins 2005/94/EB er mælt fyrir um reglur um upptöku forvarnabólusetningar gegn fugla-inflúensu, meðal annars í búrfuglum svo sem fuglum í dýragörðum, og kveðið á um að EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, skuli senda Eftirlitsstofnun EFTA til samþykkis áætlanir sínar um forvarnabólusetningu alifugla og annarra búrfugla.

Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/474/EB er mælt fyrir um tiltekna kröfur að því er varðar lífvarnaráðstafanir til að koma í veg fyrir útbreiðslu bráðsmitandi fuglainflúensu sem stafar af inflúensuveiru A af undirgerð H5N1 í fuglum sem haldnir eru í dýragörðum og hjá viðurkenndum aðilum, stofnunum og miðstöðvum í EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES í því skyni að vernda villt dýr og varðveita líffræðilega fjölbreytni.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 187, 8.7.2006, bls. 37.

Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/474/EB er einnig mælt fyrir um reglur um forvarnabólusetningu fugla sem haldnir eru í dýragörðum og hjá viðurkenndum aðilum, stofnunum eða miðstöðvum er EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, ber að fara eftir ef þau telja rétt að bólusetja slíka fugla, og kveðið á um að EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES, skuli senda Eftirlitsstofnun EFTA áætlanir sínar um bólusetningu fugla í dýragörðum.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið áætlun Norðmanna um forvarnabólusetningu gegn fuglainflúensu til athugunar, í nánú samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 2005/94/EB og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/474/EB, og er því rétt að samþykkja hana.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Áætlun um forvarnabólusetningu fugla í dýragörðum gegn bráðsmitandi fuglainflúensu, sem stjórnvöld í Noregi lögðu fram hinn 15. maí 2006 í samræmi við 2. mgr. 56. gr. tilskipunar 2005/94/EB og 4. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/474/EB, er samþykkt.
2. Samkvæmt 2. mgr. 109. gr. EES-samningsins ber Eftirlitsstofnun EFTA að senda framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna áætlun Norðmanna um forvarnabólusetningu og allar breytingar á henni.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. febrúar 2007.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2007.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bjorn T. Grydeland

Forseti

Niels Fenger

Framkvæmdastjóri

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2007/EES/24/05

nr. 30/07/COL

frá 19. febrúar 2007

um landsáætlun Norðmanna um eftirlit með riðuveiki og viðbótarábyrgðir að því er varðar viðskipti milli bandalagslandanna og innflutning til Noregs

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 7.1.12 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnna tegunda smitandi heilahrönnunar ⁽¹⁾,

með áorðnum breytingum, auk aðlögunarákvæða samkvæmt bókun 1 við EES-samninginn,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 7.2.27 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn,

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 frá 31. mars 2006 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar innanlandsáætlunir um varnir gegn riðuveiki og viðbótarábyrgðir og undanþágu frá tilteknum kröfum í ákvörðun 2003/100/EB og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1874/2003 ⁽²⁾,

með áorðnum breytingum samkvæmt aðlögunarákvæðum í bókun 1 við EES-samninginn,

með hliðsjón af ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 21/07/COL frá 14. febrúar 2007, en samkvæmt henni ber valdbærum stjórnarmanni eftirlitsstofnunarinnar að samþykka ákvörðunina um landsáætlun Norðmanna um eftirlit með riðuveiki og viðbótarábyrgðir að því er varðar viðskipti milli bandalagsríkjanna og innflutning til Noregs ef fyrirbyggjandi drög eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að landsáætlunir EFTA-ríkjanna, sem eiga aðild að EES, um eftirlit með riðuveiki skuli samþykktar ef þær fullnægi tilteknum skilyrðum sem mælt er fyrir um í reglugerðinni.

Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006 er kveðið á um viðbótarábyrgðir að því er varðar viðskipti milli bandalagsríkjanna og opinberar takmarkanir á flutningi dýra af jörðum sem selja sauðfé og geitur til þeirra EFTA-ríkja sem eiga aðild að EES og hafa fengið samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA við landsáætlunum sínum um eftirlit með riðuveiki.

Stjórnvöld í Noregi sendu Eftirlitsstofnun EFTA landsáætlun um eftirlit með riðuveiki í bréfi dagsettu 14. febrúar 2006 og í kjölfar umræðna á fundi í Ósló sendu þau eftirlitsstofnuninni hinn 20. nóvember 2006 ýmsar breytingar á þeirri áætlun, ásamt ítarlegum upplýsingum er skýrðu umfang áætlunarinnar.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið hina fyrirhuguðu landsáætlun Norðmanna um eftirlit með riðuveiki til athugunar, í nánu samstarfi við framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, og sú athugun sýnir að áætlun Norðmanna fullnægir skilyrðum fyrir samþykki.

Af þessum sökum er rétt að samþykka landsáætlun um eftirlit með riðuveiki sem Norðmenn hafa lagt fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 546/2006.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 94, 1.4.2006, bls. 28.

Ráðstafanir, sem kveðið er á um í ákvörðun þessari, eru í samræmi við álit dýraheilbrigðisnefndar EFTA sem er Eftirlitsstofnun EFTA til ráðuneytis.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. Landsáætlun Norðmanna um eftirlit með riðuveiki og viðbótarábyrgðir að því er varðar viðskipti milli bandalagslandanna og innflutning til Noregs, sem lagðar voru fram 14. febrúar 2006 og 20. nóvember 2006, eru samþykktar.
2. Samkvæmt 2. mgr. 109. gr. EES-samningsins ber Eftirlitsstofnun EFTA að senda framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna landsáætlun Norðmanna um eftirlit með riðuveiki og viðbótarábyrgðir að því er varðar viðskipti milli bandalagsríkjanna og innflutning til Noregs, ásamt öllum breytingum á henni.
3. Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. febrúar 2007.
4. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2007.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Bjorn T. Grydeland

Forseti

Niels Fenger

Framkvæmdastjóri

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2007/EES/24/06

(Mál COMP/M.4525 – Kronospan/Constantia)

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ og í kjölfar vísunar samkvæmt 5. mgr. sömu greinar um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Kronospan Holding GmbH („Kronospan“), sem tilheyrir samsteypunni Kronospan, öðlast með hlutafjár- og eignakaupum yfirlit í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í hluta austurríska fyrirtækisins Constantia Industries („Constantia“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Kronospan: framleiðsla og sala á ómeðhöndluðum spónaplötum, húðuðum samlímðum spónaplötum og öðrum vörum úr viði ásamt skyldum vörum
 - Constantia: framleiðsla og sala á ómeðhöndluðum spónaplötum, húðuðum samlímðum spónaplötum og öðrum vörum úr viði ásamt skyldum vörum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 22. maí 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4525 – Kronospan/Constantia, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4599 – RWE Power/Carbon/JV)

2007/EES/24/07

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem austurríska fyrirtækið Carbon Austria Projektentwicklungs GmbH („Carbon Austria“), sem er undir yfirráðum Ferdinand Heilig („Mag. Heilig“) annars vegar og austurrísku fyrirtækjanna Andreas Asamer Beteiligungs- und Management GmbH, Manfred Asamer Beteiligungs- und Management GmbH og Kurt Asamer Beteiligungs- und Management GmbH (einu nafni „Asamer-samsteypan“) hins vegar, og þýska fyrirtækið RWE Power AG, sem er undir yfirráðum hins þýska RWE AG („RWE“), öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki. Að auki öðlast RWE Power, ásamt Carbon Austria, yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í egypska fyrirtækinu Carbon Egypt Ltd. annars vegar og kóreska fyrirtækinu Carbon CDM Korea Ltd. hins vegar með hlutafjárkaupum. Bæði Carbon Egypt Ltd. og Carbon CDM Korea Ltd. hafa hingað til verið að fullu undir yfirráðum Carbon Austria.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - RWE: raforka, vatn, námavinnsla, hrávörur, jarðolía, iðefnaframleiðsla, sorpvinnsla
 - Carbon Austria: þróun og framkvæmd verkefna sem snúa að minni losun gróðurhúsagasa og sölu losunarheimilda
 - Asamer-samsteypan: steinefni, sement, steypa, endurvinnsla, fasteignir og ferðaþjónusta
 - Sameiginlega fyrirtækið: þróun og framkvæmd verkefna sem snúa að loftslagsvernd
 - Carbon Egypt Ltd.: þróun og framkvæmd verkefna sem snúa að minni losun gróðurhúsagasa og sölu losunarheimilda í Egyptalandi
 - Carbon CDM Korea Ltd.: þróun og framkvæmd verkefna sem snúa að minni losun gróðurhúsagasa og sölu losunarheimilda í Kóreu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 111, 17. maí 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4599 – RWE Power/Carbon/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4674 – KKR/Stefano Pessina/Alliance Boots)

2007/EES/24/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Kohlberg Kravis Roberts & Co, L.P. („KKR“) og Stefano Pessina, sem er búsettur í Bretlandi og stendur að viðskiptunum gegnum breska fjárfestingafyrirtækið AB Acquisitions Limited, öðlast með yfirtökuboði, sem var tilkynnt 20. apríl 2007, í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í breska fyrirtækinu Alliance Boots plc.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - KKR: fjárfestingar í óskráðum félögum
 - Stefano Pessina: aðstoðarforstjóri Alliance Boots plc og hluthafi í fyrirtækinu
 - Alliance Boots plc: lyfjasala í heilidsölu og sala á heilsu- og snyrtivörum í smásölu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 22. maí 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4674 – KKR/Stefano Pessina/Alliance Boots, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4675 – Iberdrola/api/SER JV)**

2007/EES/24/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænska fyrirtækið Iberdrola SA og ítalska fyrirtækið api holding SpA („api“) öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í starfandi sameiginlegu fyrirtæki, hinu ítalska Società Energie Rinnovabili Srl („SER“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Iberdrola SA: framleiðsla, flutningur, dreifing og sala á raforku og viðskipti með raforku ásamt sölu á jarðgasi
 - api: sala og dreifing á olíuvörum ásamt framleiðslu og heildsöluþreifingu á raforku á Ítalíu
 - SER: framleiðsla og heildsöluþreifing á vindraforku á Ítalíu
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 112, 22. maí 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4675 – Iberdrola/api/SER JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4689 – WINGAS/HydroWingas)**

2007/EES/24/10

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 15. maí 2007 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið WINGAS GmbH, sem er undir yfirráðum hins þýska Wintershall Holding AG („Wintershall“) og í eigu BASF-samsteypunnar, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar í breska fyrirtækinu HydroWingas Limited, sem er nú undir yfirráðum WINGAS GmbH og Norsk Hydro UK Limited í sameiningu.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - WINGAS GmbH: sala, flutningur og geymsla á jarðgasi
 - Wintershall: olíu- og gasleit og framleiðsla og sala á jarðolíu og jarðgasi
 - HydroWingas Limited: sala á jarðgasi og viðskipti með jarðgas í Bretlandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 115, 25. maí 2007). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4689 – WINGAS/HydroWingas, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning frá framkvæmdastjórninni samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar
ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

2007/EES/24/11

**Breytt ákvæði um almannaþjónustukvaðir í áætlunarflugi á tilteknum leiðum í
Portúgal**

Stjórnvöld í Portúgal hafa, í samræmi við tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. desember 2005, endurskoðað fargjöld sem gilda í tengslum við breyttar almannaþjónustukvaðir vegna áætlunarflugs á eftirtöldum leiðum:

- Lissabon–Ponta Delgada–Lissabon
- Lissabon–Terceira–Lissabon
- Lissabon–Horta–Lissabon
- Funchal–Ponta Delgada–Funchal
- Oporto–Ponta Delgada–Oporto
- Lissabon–Santa Maria–Lissabon
- Lissabon–Pico–Lissabon

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB [C 108](#), 12.5.2007.

F-Grenoble: Flugrekstur – áætlunarflug**2007/EES/24/12****Auglýsing stjórnvalda í Frakklandi um útböð samkvæmt d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 með yfirtöku almannaþjónustu fyrir augum í tengslum við áætlunarflug milli Grenoble (Saint-Geoirs) og Parísar (Orly) á grundvelli d-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92**

Stjórnvöld í Frakklandi hafa lagt á almannaþjónustukvaðir í tengslum við áætlunarflug milli Grenoble (Saint-Geoirs) og Parísar (Orly) á grundvelli a-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins. Upplýsingar um almannaþjónustukvaðirnar voru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 149, 21.6.2005, bls. 3.

Hafi enginn flugrekandi hafið eða sé um það bil að hefja áætlunarflug á þessum leiðum hinn 1. nóvember 2007, í samræmi við áhvilandi almannaþjónustukvaðir og án þess að fara fram á fjárstyrk, munu stjórnvöld í Frakklandi takmarka flugrekstur á leiðunum við einn flugrekanda í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bjóða út í almennu útböði heimild til að halda úti slíku flugi frá 1. desember 2007.

Umsóknir verða að vera á frönsku. Ef umsækjendur leggja fram skjöl, sem opinber yfirtöld hafa gefið út á opinberu tungumáli Evrópusambandsins, verður að láta þýða þau á frönsku eftir því sem nauðsyn krefur. Auk hinnar frönsku gerðar tilboðsins er bjóðendum heimilt að láta fylgja gerð á öðru opinberu tungumáli Evrópusambandsins; sú gerð telst ekki fullgild.

Tilboð skulu lögð fram í lokuðu umslagi merktu „Réponse à l'appel de candidatures relatif à la liaison Grenoble Saint-Geoirs/Paris–Orly – À n'ouvrir que par le destinataire“. Þau ber að senda í ábyrgðarpósti með móttökukvittun (og staðfestir stimpill á kvittuninni rétta dagsetningu) eða afhent (og þá gegn kvittun) á eftirfarandi pósthöfn eigi síðar en 8. júní 2007 kl. 16:00 að staðartíma:

Conseil général de l'Isère
Direction des transports
Mission aménagement du territoire
24 bis, boulevard de la Chantourne
F-38700 La Tronche

Ef bjóðendur þurfa á frekari upplýsingum að halda geta þeir sent eftirtöldum fulltrúa bréf eða símbréf:

M. Jean-Charles Borel
Conseil général de l'Isère
Direction des transports
Mission aménagement du territoire
F-38700 La Tronche
Bréfasími: +33 (0)4 76 00 30 36

Um nánari upplýsingar sjá Stjtið. ESB [C 108, 12.5.2007](#).

Ríkisaðstoð – Spánn**2007/EES/24/13****Málsnúmer C 9/07 (áður N 608/06) – Hár styrkur vegna rannsókna og þróunarstarfs í fyrirtækinu ITP – Verkefnið Trent 1000****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum á Spáni með bréfi dagsettu 21. mars 2007 að ákveðið hefði verið að hefja rannsókn á ofangreindri aðstoð í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.

Frestur hagsmunaaðila til að koma á framfæri athugasemdum er einn mánuður frá því að tilkynningin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 108, 12.5.2007. Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
State Aid Registry
B-1049 Brussel/Bruxelles
Bréfasími: +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdum verður komið á framfæri við stjórnvöld á Spáni. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

Ríkisaðstoð – Belgía**2007/EES/24/14****Málsnúmer C 15/02 – Skattareglur fyrir svonefndar samhæfingarmiðstöðvar****Auglýst eftir athugasemdum í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans**

Framkvæmdastjórnin tilkynnti stjórnvöldum í Belgíu með bréfi dagsettu 21. mars 2007 að ákveðið hefði verið að framlengja rannsókn á tilteknum þáttum ofangreindrar aðstoðar í samræmi við 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans.

Frestur hagsmunaaðila til að koma á framfæri athugasemdum um ráðstafanirnar sem framkvæmdastjórnin hefur tekið til rannsóknar er einn mánuður frá því að tilkynningin birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 110, 16.5.2007. Athugasemdir skal senda á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Directorate State Aid II
State Aid Registry
SPA3 6/5
B-1049 Brussel/Bruxelles
Bréfasími: +32 (0)22 96 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við stjórnvöld í Belgíu. Þeim, sem leggja fram athugasemdir, er heimilt að óska nafnleyndar og skulu slíkar óskir vera skriflegar og rökstuddar.

MEDIA 2007**2007/EES/24/15****Auglýsing eftir tillögum – EACEA/14/07****Ráðstafanir til að styðja kynningu og markaðssetningu****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndfnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007) ⁽¹⁾.

Í ofangreindri ákvörðun ráðsins eru m.a. sett eftirtalin markmið:

- „að greiða fyrir og hvetja til kynningarstarfs og útbreiðslu evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka og kvikmyndaverka á sölusýningum, kaupstefnum og hljóð- og myndmiðlunarhátíðum í Evrópu og um heim allan, að því marki sem slíkir viðburðir geta gegnt mikilvægu hlutverki í kynningu evrópskra verka og tengslamyndun milli fagfólks“
- „að hvetja til tengslamyndunar milli evrópskra rekstraraðila með því að styðja sameiginlegar aðgerðir innlendra, opinberra eða óháðra aðila, sem vinna á sviði kynninga, á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum“

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að markmiðum MEDIA-áætlunarinnar samkvæmt ofangreindri ákvörðun ráðsins.

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópu, þ.e. fyrirtækja sem eru skráð í, og undir yfirráðum ríkisborgara frá, aðildarríkjum Evrópusambandsins og löndum sem eiga aðild að EES-samningnum og taka þátt í áætluninni MEDIA 2007 (Íslandi, Liechtenstein og Noregi), auk Sviss.

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Fé, sem er til ráðstöfunar vegna þessarar auglýsingar eftir tillögum, er að hámarki 5 milljónir evra.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50% af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

Verkefni verða að hefjast á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2008.

Starfseminni skal vera lokið 31. desember 2008.

Hvert verkefni skal ekki standa lengur en 12 mánuði.

4. Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestir:

- **29. júní 2007** – þegar um ræðir i) ársverkefni á árinu 2008 og ii) verkefni sem hefjast á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. maí 2008
- **7. desember 2007** – þegar um ræðir verkefni sem hefjast á tímabilinu 1. júní 2008 til 31. desember 2008

5. Nánari upplýsingar

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð:
<http://ec.europa.eu/media>.

Fullnægja ber öllum ákvæðum sem er að finna í auglýsingunni í fullri lengd og skila umsóknum á til þess gerðu eyðublaði.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 12.

MEDIA 2007**2007/EES/24/16****Auglýsing eftir tillögum – EACEA/15/07****Ráðstafanir til stuðnings kynningarstarfi í löndum sem eiga ekki aðild að MEDIA-áætluninni****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar um stuðning við hljóð- og myndefnisframleiðslu í Evrópu (MEDIA 2007) ⁽¹⁾.

Í ofangreindri ákvörðun ráðsins eru m.a. sett eftirtalin markmið:

- „að greiða fyrir og hvetja til kynningarstarfs og útbreiðslu evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka og kvikmyndaverka á sölusýningum, kaupstefnum og hljóð- og myndmiðlunarhátíðum í Evrópu og um heim allan, að því marki sem slíkir viðburðir geta gegnt mikilvægu hlutverki í kynningu evrópskra verka og tengslamyndun milli fagfólks“
- „að hvetja til tengslamyndunar milli evrópskra rekstraraðila með því að styðja sameiginlegar aðgerðir innlendra, opinberra eða óháðra aðila, sem vinna á sviði kynninga, á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum“
- „að stuðla að aukinni miðlun evrópskra kvikmynda yfir landamæri, utan framleiðslulandsins, á evrópskum og alþjóðlegum mörkuðum, með framtaksverkefnum sem miða að því að auka dreifingu þeirra og sýningar í kvikmyndahúsum, meðal annars með því að hvetja til þess að gerðar séu samræmdar áætlanir á sviði markaðssetningar“

2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að markmiðum MEDIA-áætlunarinnar samkvæmt ofangreindri ákvörðun ráðsins.

Auglýsingunni er beint til fyrirtækja í Evrópu, þ.e. fyrirtækja sem eru skráð í, og undir yfirráðum ríkisborgara frá, aðildarríkjum Evrópusambandsins og löndum sem eiga aðild að EES-samningnum og taka þátt í áætluninni MEDIA 2007 (Íslandi, Liechtenstein og Noregi), auk Sviss.

3. Fjárveiting og lengd verkefna

Fé, sem er til ráðstöfunar vegna þessarar auglýsingar eftir tillögum, er að hámarki 800 000 evra.

Styrkir framkvæmdastjórnarinnar geta ekki orðið hærri en sem nemur 50 % af heildarfjárhæð styrkhæfs kostnaðar.

Verkefni verða að hefjast á tímabilinu 1. janúar 2008 til 31. desember 2008.

Starfseminni skal vera lokið 31. desember 2008. Hvert verkefni skal ekki standa lengur en 12 mánuði.

4. Umsóknarfrestur

Umsóknir verða að berast framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en **29. júní 2007**.

5. Nánari upplýsingar

Heildartexti þessarar auglýsingar er birtur, ásamt umsóknareyðublöðum, á eftirfarandi slóð: <http://ec.europa.eu/media>.

Fullnægja ber öllum ákvæðum sem er að finna í auglýsingunni í fullri lengd og skila umsóknum á til þess gerðu eyðublaði.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 12.

Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um formlega viðurkenningu þess að tiltekin bandalagsgerð á sviði umhverfismála sé úrelt 2007/EES/24/17

Lagagerð sem máð skal úr réttarreglunum:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/479/EB frá 17. júlí 2000 um að taka upp evrópska skrá yfir losun mengandi efna (EPER) í samræmi við 15. gr. tilskipunar ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarmir og eftirlit með mengun (IPPC) (Stjtíð. ESB L 192, 28.7.2000, bls. 36).